

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag bæjartorfu Brattholts.*
Í deiliskipulaginu felst að markaðar eru fjórar lóðir, ein fyrir útihús og þrjár fyrir íbúðarhús. Útihúsið og tvö íbúðarhúsanna eru þegar byggð. Nýja íbúðarhúsið má vera allt að 200 m² að stærð með mænishæð allt að 6 m og þakhalli má vera á bilinu 0-45 gráður. Samþykkt í sveitarstjórn 2. mars 2010.
2. *Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Austureyjar II.*
Í deiliskipulaginu felst að á 3,4 ha svæði er gert ráð fyrir sex frístundalóðum þar sem heimilt er að reisa allt að 120 m² frístundahús og 30 m² aukahús. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,03. Samþykkt í byggðarráði 24. júní 2010.
3. *Breyting á deiliskipulagi þjónustusvæðis við Kjalveg hjá Gullfossi í landi Brattholts.*
Í breytingunni felst að byggingarreitur söluskála stækkar úr 1.600 m² í 2.000 m². Samþykkt í sveitarstjórn 1. júní 2010.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 15. júlí 2010.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 29. júlí 2010